

Sp.

534. Nefndarálit

[15. mál]

um till. til þál. um fullnægjandi landhelgisgæslu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Pétur Sigurðsson forstjóra Landhelgisgæslunnar. Gaf hann nefndinni ítarlega skýrslu um starfsemi gæslunnar og vandamál. Einnig mætti á fundi nefndarinnar Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóri og ræddi landhelgisgæslu úr flugvélum.

Nefndarmenn eru sammála um að hættulegt sé fyrir þjóðina að draga úr starfsemi Landhelgisgæslunnar. Brýna nauðsyn beri til að fylgjast vandlega með allri 200 mílna lögsögunni svo og öllum skipaferðum innan hennar. Í þeim tilgangi er sérstaklega nauðsynlegt að gæslan sé búin góðum flugvélakosti og flugvélarnar séu jafnan búnar nýjustu tækjum til eftirlitsins. Fjöldmörg önnur verkefni Landhelgisgæslunnar hvíla ekki síður á skipakosti hennar, sem verður að vera góður.

Nefndin varð sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt með svofelldum

#### BREYTINGUM:

1) Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna millipinganevnd til að kanna á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla Landhelgisgæsluna svo að hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt. Nefndin skal ljúka störfum áður en þing kemur saman að hausti.

2) Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um millipinganevnd um landhelgisgæsluna.

Alþingi, 16. mars 1981.

Geir Hallgrímsson,  
form., frsm.

Jóhann Einvarðsson,  
fundaskr.

Ey. Kon. Jónsson.

Benedikt Gröndal.

Albert Guðmundsson.

Ólafur Ragnar Grímsson.